



FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI

*Alþingi
Erindi nr. P 128/1166
komudagur 20.2.2003*


Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Akureyri 18. febrúar 2003.

Efni: Umsögn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri um frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitamenn.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri þakkar fyrir þann möguleika að fá að tjá sig um frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitamenn. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri bendir á að eðlilegt væri að ríkisvaldið tryggi björgunarsveitamenn, bæði slysatryggingu, eignatryggingu og ábyrgðartryggingu. Ekki verður séð að frumvarpið tryggi að björgunarsveitir kaupi slysatryggingar, eignatryggingar eða ábyrgðartryggingar fyrir félagsmenn sína nema slíkt sé útfært í reglugerð. Frumvarp þetta hlýtur að vera til mikilla bóta þar sem réttarstaða björgunarsveitanna hefur verið óljós.

Virðingarfyllst,
F.h. framkvæmdastjórnar FSA,



Halldór Jónsson, forstjóri.

PI/JR

<PI2003034>